



Reykjavík, 16. febrúar 2026

VEL26020028

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um eftirlit með fósturforeldrum og öðrum úrræða sem vista börn

Þann 4. febrúar lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um hvernig eftirliti með fósturforeldrum og öðrum úrræðum sem vista börn í lengri eða skemmri tíma er háttað í dag.

Svar:

Eftirliti með fósturforeldrum og vistforeldrum í úrræðum á vegum barnaverndaryfirvalda má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða leyfisveitingu og eftirlit sem er á ábyrgð og forræði ríkisins, þ.e. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofu. Hins vegar er um að ræða eftirlit meðan á vistun stendur, sem er í höndum barnaverndarþjónustunnar sem vistar barnið.

Börn eru vistuð annaðhvort með bráðavistun skv. 84. gr. barnaverndarlaga eða með fósturvistun skv. XII. kafla barnaverndarlaga. Fósturvistun getur verið fernskonar, tímabundið fóstur, styrkt fóstur, varanlegt fóstur og vistun fyrir 18-20 ára.

Þegar um bráðavistun er að ræða er um að ræða úrræði sem barnaverndarþjónustum er skylt að hafa tiltækt skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Um slíka vistun gildir jafnframt reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga nr. 652/2004.

Leyfi til að reka slíka bráðavistun er veitt einstaklingum og fyrirtækjum á grundvelli 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 og 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Leyfisveitingin á ábyrgð Gæða- og eftirlitsstofnunar en leitað er umsagnar barnaverndarþjónustu. Leyfin eru gefin út í 1-5 ár.

Dæmi um úrræði á grundvelli 84. gr. sem Barnavernd Reykjavíkur hefur yfir að ráða er Mánaberg, Ásvallagata og Kletturinn. Barnavernd Reykjavíkur hefur einnig notað einkarekin búsetuúrræði, t.d. Klettabæ, Heilindi og Vinakot. Í langflestum tilvikum er hins vegar um að ræða vistun hjá einstaklingum og hjónum/sambýlisfólki, oftast ættingjum barna eða hjá nákomnum.



Reykjavík



Með fóstri er átt við að barnaverndarþjónusta feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði, sbr. 65. gr. barnaverndarlaga. Um fósturvistun gildir reglugerð um fóstur nr. 804/2004.

Fóstur getur verið tímabundið, styrkt, varanlegt eða vistun fyrir 18-20 ára. Fóstur er alltaf hjá einstaklingi og hjónum/sambýlisfólki. Oft er um að ræða ættingja barna eða nákomna en einnig getur verið um að ræða ótengda aðila.

Viðkomandi einstaklingar sækja um fósturleyfi á grundvelli 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 og 66. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Leyfisveiting er á ábyrgð Gæða- og eftirlitsstofnunar en leitað er umsagnar Barna- og Fjölskyldustofu, sem hefur samvinnu við barnaverndarþjónustu. Fósturleyfi eru gefin út í 5 ár í senn. Barna og fjölskyldustofa heldur utan um fósturleyfi/fósturforeldra og velur fósturfjölskyldur fyrir barnaverndarþjónustur

Um eftirlit með vistun barna utan heimilis gildir XV. kafli barnaverndarlaga nr. 80/2002. Gildir sá kafli bæði um bráðavistun og fósturvistun.

Samkvæmt ákvæðum kaflans er barnaverndarþjónustu skylt að fylgjast með gæðum og árangri vistúrræða á vegum þjónustunnar. Í sama kafla er tekið fram að Gæða- og eftirlitsstofnun fari með eftirlit með gæðum úrræða. Kaflanum var bætt við barnaverndarlögin árið 2011.

Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Þá skal barnaverndarþjónusta leitast við að vera í reglulegu sambandi við barn sem er vistað utan heimilis og gefa því kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan í samræmi við aldur og þroska. Þá er barnaverndarþjónustu skylt að heimsækja börn sem eru vistuð á vegum þjónustunnar með reglubundnum hætti.

Barnavernd Reykjavíkur sinnir framangreindu eftirliti með reglulegum samskiptum við bæði börnin og vist/fósturforeldra meðan á vistun stendur. Alla jafna er um töluvert mikil samskipti að ræða. Farið er í heimsóknir á heimilin eftir þörfum og aldrei sjaldnar en fyrrgreind lagaákvæði segja til um. Þegar um er að ræða vistanir í úrræðum á vegum barnaverndar eða einkaaðila eru auk þess haldnir reglulegir samráðsfundir með rekstraraðilum.

Verði barnaverndarþjónusta þess áskynja við eftirlit eða önnur samskipti við barn eða vistunaraðila að meðferð barns á fóstri, á heimili, á stofnun eða í öðru vistúrræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt, er þjónustunni skylt að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, s.s. rifta samningi um fóstur eða vistun. Í slíkum tilvikum er metið hvort send sé ábending til Gæða- og eftirlitsstofnunar, sbr. 13. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun nr. 88/2021.



Reykjavík